

Alþingi
Erindi nr. P 135/251
komudagur 20.11.2007

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Einar Farestveit
nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. nóvember 2007
2007110007/42-1-3
SB/mfb

Umsögn um þingsályktunartillögu um aukinn þorskafla

Vísað er til bréfs sjávar- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags 2. nóv. sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um aukinn þorskafla á fiskveiðiárinu 2007 - 2008. Lagt er til að heimild til þorskveiða verði aukinn um 40.000 tonn eða úr alls 130.000 tonnum í alls 170.000 tonn. Helstu forsendur flutningsmanna eru eftirfarandi: Mikill fjöldi skyndilokana sem bendi til stærri árganga uppvaxandi þorsks en opinberar skýrslur Hafrannsóknastofnunarinnar gefi til kynna, meintar göngur Grænlandsporsks á Íslandsmið og vantrú á gildi útreikninga um sláturstærð þorsks.

Náttúrufræðistofnun hefur engin þau gögn í hendi sem geta sannað eða afsannað forsendur þingsályktunartillögunnar, enda hafa stofnhræringar nytjafiska ekki verið á hennar verksviði.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

